

Myllubakkaskóli

Valgreinar

2014 - 2015

10. bekkur



Nemendur velja sér valgreinar í samráði við foreldra/forráðamenn



UNDRAHEIMAR IPAD

Farið er í grunnatriði hvernig setja skal upp iPad í fyrsta skipti, hvernig taka á afrit af honum (iCloud, tölvu), hvernig hægt er að tengja hann við hin ýmsu tæki s.s. sjónvarp, skjávarpa eða tölvu og nota hann sem snertitöflu.

Kynnt verða margvísleg forrit til að nota í skóla, sem auvela okkur námið á komandi árum. Sýnt hvernig búa á til Apple ID, setja upp póstforrit og hvernig fjölskyldur geta samnýtt forrit sem keypt hafa verið o.fl.

Námsmat: Virkni og ástundun.

LEGO

Nemendur vinna með legókubba og leysa þrautir eftir teikningu. Þeir leita fyrirmynda úr umhverfi sínu og líkja eftir með tæknilegó efnivið.

Þeir fá að setja saman hluti sem í eru mótorar, ljós- og snertiskynjarar og fá kennslu í að forrita vélmenni (robot).

Námsmat: Vinnubrögð, ástundun, samvinna og verkefnavinna.



Ástundun eflir alla dád

GLER

Markmið að nemandi: þekki og kunni að nota verkfæri sem til þarf við glervinnslu. Læri að búa til mót. Læri að búa til nytjahluti. Geti unnið sjálfstætt og farið eftir þeim vandvirkni og frágangskröfum sem gerðar eru.

Kennslutilhögun: Mosaik: Nemandi kynnist og fái tilsögn um mosaik og gerð hennar. Nemandi megi nýta sér hugmyndir af vefnum og bókum við gerð verkefna. Fái kennslu í hvernig nota á verkfæri sem til þarf. Nemandi ákveður verkefni í samvinnu við kennara en nemandi ræður útliti hlutarins. Gler / bræðsla: Nemandi kynnist glervinnslu og fái bækling um gler ásamt öðru. Nemandi fái æfingu í að skera gler og að þekkja mismunandi glertegundir. Nemandi hanni sína eigin útfærslu á glerverkefnum, noti eigin form og liti.

Námsmat: Ástundun, virkni í tímum, verklagni og framfarir 30%. Hvert verkefni er metið til einkunnar (70%).

LEIR/LEIRMÓTUN

Markmið að nemandi: þekki og kunni að nota þau verkfæri sem nota þarf við leirvinnslu. Nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit. Læri að búa til nytjahluti. Geti unnið sjálfstætt og farið eftir þeim vandvirkni og frágangskröfum sem gerðar eru. Nemandi fái að kynnast leir og taki tilsögn um hvernig á að vinna með hann. Nemandi fái kennslu í hvernig nota á þau verkfæri sem þarf. Kennarinn ákveður verkefnin en nemandinn útfærir þau.

Námsmat: Ástundun, virkni í tímum, verklagni og framfarir 30%. Hvert verkefni er metið til einkunnar (70%).



MYNDLIST

MÁLUN: Byrjað verður á að teikna, andlitið tekið fyrir. Þegar kemur að því að mála fá nemendur að hafa frekar frjálsar hendur þ.e. hvaða málningu þau vinna með og hvort þau mála á striga eða vatnslitapappír jafnvel spýtur

MANDÖLUR: Kennst verður hvernig maður teiknar mandölur frá grunni einnig aðferðir við að lita þær og mála.

MUNSTUR: Unnið verður með munstur og kenndar ýmsar aðferðir við munsturgerð

Ef tími vinnst til verður farið í að teikna hluti og skyggja.

Námsmat: Verk nemenda eru metin ásamt ástundun og umgengni.





ÍPRÓTTIR

Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.

Markmiðið er að nemendur; fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum íþróttagreinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbrigð lífi og líferni.

Námsmat: Ástundun og virkni.

SKÓLAHREYSTI

Markmiðið er að nemendur: Auki styrk sinn og þol. Að nemendur læri að setja sér markmið og skipuleggi eigin þjálfun. Að nemendur styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun. Að nemendur geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni. Að nemendur þjálfist í að taka þátt í samvinnuverkefnum sem snúa m.a. að því að undirbúa íþróttamót.

Kennslutilhögun: Tímarnir eru að mestu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamsþjálfun bæði inni og úti. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast „Skólahreysti.“ Í lok kennslutímans taka nemendur þátt í undankeppni „Skólahreysti“. Rétt er að geta þess að allir nemendur hafa kost á því að taka þátt í undankeppninni fyrir „Skólahreysti“ hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Námsmat: Námsmat byggir á áhuga og virkni, framförum og árangri.



LEIKLIST

Leiklist er fjörug og skemmtileg reynsla þar sem nemendur læra að þekkja sjálfa sig, og öðlast fjærni til dæmis í framkomu og raddbeitingu.

Nemendur í samstarfi við kennara velja/semja og æfa leikrit sem verður flutt í lok annar. Mikið er lagt uppúr að nemendur læri að treysta sjálfum sér og öðrum ásamt því að geta tekið hrósi og gagnrýni.

Námsmat: Virkni og ástundun.

PLAKATA OG AUGLÝSINGAGERÐ

Unnið verður við að gera plaköt þar sem nemendur koma upplýsingum fram á skemmtilegan og skiljanlegan hátt. Þá verða gerðar auglýsingar fyrir raunverulega viðburði í skólanum ásamt óraunverulegum viðburðum og/eða vörum.

Plakötin/auglýsingarnar verða í ýmsum litum og settar saman klippimyndir. Einnig verður unnið í tölvum. Nemendur þurfa að vera skapandi, jákvæðir og frumleg.

Í lokin verður haldin sýning með verkum nemenda.

Námsmat: Virkni og ástundun.



ENSKI BOLTINN

Megintilgangur kennslu í enska boltanum er að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við enska knattspyrnu.

Tímarnir eru bóklegir. Í þeim er farið yfir enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum þar sem m.a. er farið yfir ýmsa tölfræði, efri og neðri deildir, árangur einstaklinga og liða, sögu félaga, leikgreiningu og fleira.

Námsmat: Virkni og ástundun.

PRJÓN OG HEKL

Markmið er að nemandi kynnist og þjálfist í helstu aðferðum í prjóni og hekli. Efni og uppskriftir eru valin í samráði við kennara. Stefnt er að því að nemandi búi til á sig a.m.k. eina heklaða og eina prjónaða flík.

Náms- og kennslugögn: Prjónablöð, bækur, prjónar og heklunálar í eigu skólans.

Námsmat: Vinna í tímum 30%, verkefni og frágangur 40%, ástundun 30%.

HEIMANÁM

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skóla. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín og fengið aðstoð frá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.



HREYSTI OG HEILBRIGÐI

Val í „Hreysti og heilbrigður lífsstíll“ er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á íþróttum/líkamsrækt og vilja tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Valgreinin er ekki aðeins hugsuð fyrir þá unglunga sem iðka íþróttir heldur fyrir alla þá sem vilja hafa heilbrigðan lífsstíl.

Aðalmarkmiðið er að nemendur auki vitund sína varðandi eigin heilsu og heilbrigða lífshætti og þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin heilsu, með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttar eða líkams- og heilsuræktar, mikilvægi hollrar fæðu og nægjanlegs svefns. Stefnt er að því að nemendur læri að skilja líkamsstarfsemina og hvernig líkaminn bregst við álagi og þjálfun. Einnig að nemendur skilji mikilvægi hollustu og heilbrigðra lífshátta. Nemendur læri meira um þol, styrk, snerpu og kraft og æfa sig í þessum þáttum til að öðlast á markvissan hátt líkamshreysti og þrek.

Kennslan er bæði verkleg og bókleg, þar sem fræðslu og þekkingu er blandað saman við verklega þáttinn þannig að þau mynda eina heild.

Námsmat: Virkni, frammistaða og ástundun.



SPIL

Í þessu vali eru hefðbundin borðspil eins og Jungle Speed, Heilaspuni, Alias, Pictionary og fleiri spiluð. Einnig munum við spila þekkt og óþekkt spil á spilastokkinn, spil eins og t.d. lauma, skítakall, olsen olsen, kani, og kasína.

Námsmat: Virkni og ástundun.

SKRAUTSKRIFT

Markmiðið er að nemendur kynnist skrautskrift. Nemendur læra að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift og læra stafagerðina. Námsmat: Vinnubrögð, áhugi og ástundun 60%, verkefnamappa 40%.



HÖNNUN OG SMÍÐI

Markmiðið með faginu er að nemendur verði sjálfbjarga og vinni sjálfstætt að hugmyndum. Vinni verkefni eftir eigin hugmyndum og teikningum.

Leiðir: Nemendur skila teikningum að fyrirhuguðum verkefnum. Velja rétt verkfæri og beita þeim á sjálfstæðan hátt. Efla tilfinningu fyrir gæðum í frágangi, skilja teikningar.

Námsmat: Vinna í tímum 30%, verkefni og frágangur 40%, ástundun 30%.

FATASAUMUR

Lögð er áhersla á að nemandi læri að taka upp snið, leggja snið á efni, sníði og saumi flík. Snið og efni eru valin í samráði við kennarann. Stefnt er að því að nemandi saumi á sig eina flík.

Náms og kennslugögn: Bækur, blöð, snið, efni tæki og tól í eigu skólans.

Námsmat: Tekið verður tillit til þess hversu sjálfstætt nemandi vinnur og hvernig hann nýtir sér áunna þekkingu. Hvernig hann notar handbækur og tiltæk gögn. Vinna í tímum 30%, verkefni 30% og ástundun 40%.



BRÚÐU- OG HREYFIMYNDAGERÐ, UNNIÐ Í LEIR

Námslýsing: Þetta val býður upp á hreyfimyndagerð þar sem unnið er með leir og er unnið í hópum. Fyrst er unnið við að búa til „storyboard“ sem síðan er unnið með að litilli brúðumynd, Fígúrunar eru gerðar úr leir, bakgrunnur er hannaður frá grunni, það er teiknað, málað og búnar til senur. Síðan er notuð myndavél, þar sem tekin er mynd af sérhverri hreyfingu. Lokaafaksturinn er brúðu- og hreyfimynd, sem unnin verður í iStopMotion. Hljóðvinnsla verður unnin í Garageband. Ýmist verða notaðar tölvur eða iPad. Námsgögn: Skólinn útvegar allt sem til þarf, hugbúnað, tölvur og myndavélar.

Námsmat: Verkefni verða metin til einkunna sem og ástundun, virkni og vinnusemi.



SÖNGUR

Söngur er sjálfstýrkjandi og gefur nemendum góða innsýn í eigið hljóðfæri, röddina. Nemendur í samstarfi við kennara velja og æfa lög úr ýmsum áttum. Allur söngur fer fram í míkrafón.

Markmiðið er að nemendur þjálfist í raddbeitingu (raddstyrkur, öndun o.fl.), að syngja með öðrum og að koma fram.

Námsmat: Virkni og ástundun.

HRAÐLESTUR

Markmið er að nemandi kynnist helstu aðferðum við hraðlestur og geti þannig bætt bæði lestrarhraða sinn og lesskilning. Stefnt er að því að nemandi tvöfalda leshraða sinn á önninni.

Náms- og kennslugögn: Lesefni að eigin vali og frá kennara.

Námsmat: Vinna í tímum 30%, bæting á leshraða 40%, ástundun 30%.



HEIMILISFRÆÐI

Markmiðið er að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum, þjálfði verklega færni og geti skipulagt vinnu sína með hagsýni og næringargildi að leiðarljósi. Einnig að nemendur finni ánægju í því að elda, baka og bera fallega á borð og njóti þess að borða saman. Næringarfræði og meðferð matvæla er hluti af allri umræðu.

Námsmat: Frammistaða í tímum 100%.



UNNIÐ MEÐ BÖRNUM

Markmiðið er að nemendur kynnist starfi í grunnskóla, leikskóla og frístundaskóla. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni, í frístund og í leikskólum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

SEINNI HEIMSTYRJÖLDIN Í KVIKMYNDUM

Námslýsing: Í valinu er horft á ýmsar kvikmyndir sem fjalla um atburðir úr seinni heimsstyrjöldinni. Eftir hverja mynd eru umræður og nemendur leita sér frekari upplýsinga um atburðina sem fjallað er um í myndunum. Upplýsingaöflunin er í formi fræðslumynda, lesturs texta og leitar á netinu. Nemendur vinna verkefni og kynna þau fyrir hópinn. Í lok áfangans er búin til tímalína og unnin verkefni þar sem atburðirnir sem fjallað var um eru tengdir saman.

Námsgögn: Kvikmyndir og fræðslumyndir: The Pianist, Enemy at The Gates, World War II o.fl. Ítarefni af netinu og frá kennara.

Námsmat: Verkefni verða metin til einkunna sem og ástundun, virkni og vinnusemi.



SKÁK

Markmið er að nemandi fái aukin áhuga á skákípróttarinni. Fái einnig innsýn í heim skákípróttinnar og læri undirstöðu atriði hennar.

Nemendur læri helstu reglur í skák, læri mannganginn og byrjunar og endatöfl. Skoðaðar verða klassískar skákir helstu skákmeistara heimsins liðinna ára. Nemendur munu spila skák og nota þær aðferðir sem kynntar verða. Stefnt verður að þátttöku á skólaskákmótum.


Námsmat: Ástundun og virkni.

Valgreinar utan Myllubakkaskóla



ÍPRÓTTAÐKUN/TÓMSTUNDIR

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem stunda íþróttir af miklu kappi hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild eða eru í viðurkenndu tómstundastarfi t.d. ballett, skátunum eða björgunarsveit. Markmiðið er að viðurkenna þá vinnu sem liggur að baki íþróttaiðkun/tómstundum með því að meta greinina sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.



TÓNLISTARNÁM

Valgrein allan veturinn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.


Valgreinar í samvinnu við FS Eingöngu fyrir 10. bekk

ENSKA 103

Málfræði og orðaforði. Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka.



STÆRÐFRÆÐI 103



Jöfnur, rúmfræði og hlutföll. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Meginviðfangsefnin eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum. Auk styttri verkefna vinna nemendur heimadæmi og taka stöðupróf.

KYNNING Á RAFMAGNI 103

Í áfanganum fá nemendur að kynnst störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið verður m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

TRÉ 103

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklægni og framförum á því sviði. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

Valfög í FS eru fyrir nemendur sem standa sig vel í námi og eru með fyrirmyndar ástundun.

Valfög í FS eru kennd á miðvikudögum kl. 14:50 - 16:15 og kostar 6.000kr.

VALGREINAR Í DAGSKÓLA FS

Hægt er að velja áfanga úr FS sem eru kenndir fjórum sinnum í viku hálfan vetur. Nemendur þurfa að mæta seinnipart dags í tíma. Kennt verður í G og H stökk, hægt er að sjá stokkatöflu á heimasíðu FS www.fss.is Þeir áfangar sem um ræðir eru STÆ 103, ÍSL 103, ENS 103, DAN 103 og SPÆ 103. Önnin kostar 6.000kr.